# Leikskólinn Holt

# 2025 – 2026



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Efnisyfirlit


Leiðarljós leikskólans : Virðing-Umhyggja-Samvinna ..... 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ..... 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 ..... 4

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 ..... 5

4 Innra mat deilda 2024-2025 ..... 8

4.1 Berg ..... 8

4.2 Litla-Fell ..... 9

4.3 Stóra-Fell ..... 10

4.4 Sel ..... 10

4.5 Bakki ..... 11

4.6 Hóll ..... 12

4.7 Sérkennsla ..... 13

4.8 Mál og læsi ..... 14

5 Umbótaáætlun deilda ..... 15

5.1 Yngri börn, Litla-Holt ..... 15

5.2 Eldri börn, Stóra-Holt ..... 17

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ..... 19

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ..... 20

8 Foreldrasamvinna ..... 20

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ..... 21

10 Fylgiskjöl ..... 22

10.1 Tímarammi samstarfsáætlunar 2025-2026 ..... 22

10.2 Leikskóladagatal 2025-2026 ..... 22

10.3 Umsögn foreldraráðs ..... 22

**Leiðarljós leikskólans : Virðing-Umhyggja-Samvinna**

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Þrátt fyrir miklar hindranir þennan veturinn tókst okkur að halda áfram með skipulagt starf að mestu leyti. Önnur verkefni sem við ætluðum að vinna að tökum við fyrir aftur á næsta vetri. Það vantaði töluvert mörg stöðugildi inn í skólann vegna mikillar aukningar í sérkennslu og langtímaveikinda svo það var mikil áskorun. Fórum í fáliðun á tímabili til að ná betur utan um stöðuna. Aðstoðarleikskólastjóri var nánast allan veturinn að leysa af deildarstjóra í langtímaveikindum og verkefnastjóri málörvunar og fjölmenningu var í veikindum þennan vetur.

Nýr sérkennslustjóri hóf störf hjá okkur um áramótin og við breyttum útfærslu og verkefnum í sérkennslunni til að nýta mannauðinn betur, þar sem ekki tókst að ráða inn fagfólk með sérþekkingu og tókst það nokkuð vel. Við munum halda áfram að móta þetta og vinna eftir aðstæðum, en sérkennsla verður einnig mikil komandi vetur.

Verkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ gengur mjög vel og er okkar leiðarljós í starfi, í samstarfi við Ösp og Fellaskóla. Það gengur vel með málörvun í markvissu starfi og þrátt fyrir þungan vetur héldum við takti. menntastefnunnar hafa verið læsi, félagsfærni og sjálfsefling og erum við að vinna markvisst með Blæ bangsa í barnahópnum.

Leikskólarnir Ösp og Holt sóttu um og fengu B-hluta styrk Menntastefnunnar ásamt Fellaskóla og Menntavísindasviði. Styrkinn munum við nýta til að efla samstarf við foreldra og stuðla að inngildingu þeirra í námi og leik barna sinna. Samstarf skólanna í Fellahverfi styrkist með hverju árinu og erum við mjög stolt af því. Útskrift elstu barna í Ösp og Holti var haldin sameiginlega í Fellaskóla í annað sinn og er nú orðinn fastur liður í samstarfinu.

Við höldum áfram að bæta við faglega þekkingu í tengslum við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og er langt komið með þá vinnu að skilgreina leikskólana Ösp og Holt sem sérhæfða á því sviði. Við höldum því áfram að taka á móti gestum, líkt og undanfarin ár, sem vilja koma og fræðast um leikskólana og samstarfið í Fellahverfi.

Vonandi verður einnig aukning í faglærðum kennurum hjá okkur á næsta skólaári, sem mundi lyfta okkar annars frábæra starfi örlítið hærra.
Við munum gera aðra tilraun næsta vetur til að ráðast í endurnýjun á námskrá leikskólans, en námskráin okkar er mjög flott og ítarleg en við þurfum að uppfæra og breyta aðeins í takt við nýjar áherslur hjá okkur og hjá SFS.

# 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

## Innra mat

| Hvað var metið? | Málörvun í óskipulögðun stundum |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?** | Allt starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats** | Það gengur mjög vel með málörvun í skipulögðum stundum. En við þurfum að huga betur að óskipulögðum stundum, frjálsi leikurinn, fataklefinn, matartíminn, útiveran. Hvernig getum við aukið málörvun í þessum stundum.<br>Áfram í vinnslu næsta vetur |

| Hvað var metið? | Samskiptastefna |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?** | Allt starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats** | Samskiptastefnan er uppi á öllum deildum og í sameiginlegum rýmum.<br>Gengur ágætlega, en þurfum að samræma aðeins betur og fara betur yfir útiveru og frjálsan leik<br>Áfram í vinnslu næsta vetur |

| Hvað var metið? | Leikur barna |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?** | Allt starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats** | Þurfum að skoða skipulag deilda betur og reyna að minnka uppbrot í leik barnanna. Gefa honum betri tíma og rými. Fara betur yfir útiveru og frjálsan leik<br>Áfram í vinnslu næsta vetur |

**Ytra mat**

| Hvað var metið? | Viðhorfskönnun starfsfólks |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Gallup sendi könnun okt-des 2024 |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?** | Allt starfsfólk, 30% svörun |
| **Helstu niðurstöður mats** | Í heildina er starfsfólk almennt ánægt í Holti og eru stolt af sínum vinnustað.<br>Það sem við getum gert betur er að hrósa hvort öðru. Einnig finnst starfsfólki sveigjanleiki ekki mikill og það vantar upp á betri vinnuaðstöðu í húsunum |

| Hvað var metið? | Viðhorfskönnun foreldra |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Skóla- og frístundasvið sendi könnun mars 2025 |
| **Hverjir tóku þátt í matinu?** | Foreldrar / 84% svörun |
| **Helstu niðurstöður mats** | Almennt eru foreldrar ánægðir með börnin sín í Holti og telja þau glöð og örugg.<br>Það sem við getum bætt samkvæmt foreldrum er að ræða betur/meira um framfarir barna, senda vikupósta um hvað er gert og upplýsa betur um áherslur / stefnu leikskólans. |

# 3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna . Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

| Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Málþroski og læsi – að virkja þátttöku foreldra<br>B-hluta styrkur menntastefnu Reykjavíkur með leikskólanum Holti, Fellaskóla og Menntavísindasviði |

| | |
|---|---|
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Að fá foreldra í samstarf og stuðla að inngildingu þeirra í námi og leik barna sinna með því að efla íslenskan orðaforða þeirra. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Senda heim til barnanna efni/bækur sem foreldrar geta nýtt í tengslum við áhersluþemu leikskólans |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur í leikskólunum Holti og Ösp og Fellaskóla |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 – júní 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið** | Fylgt eftir með reglulegum matsfundum með foreldrum. Reglulegum matsfundum stjórnenda í skólunum og |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Ávinningur verkefnisins verður virkari þátttaka foreldra í námi og leik barna sinna og aukin íslenskukunnátta þeirra sem eykur líkur á virkari þátttöku foreldra. |

| **Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Málörvun í óskipulögðum stundum |
| **Tækifæri til umbóta** | Að starfsfólk nýti betur óskipulagðar stundir sem tækifæri í málörvun með börnunum og tali meira við börnin |
| **Aðgerðir til umbóta** | Fræðsla og handleiðsla til starfsfólks, bæði frá öðru reyndara starfsfólki og með utanaðkomandi fræðslu. Skráning á deildum, allir fá litla bók til að punkta niður í |
| **Ábyrgð** | Allt starfsfólk og stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | September 2025 – maí 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Metið reglulega yfir veturinn á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og starfsmannafundum |
| **Viðmið um árangur** | Að allt starfsfólk sé meðvitað og öruggt í að nýta allar óskipulagðar stundir sem tækifæri til málörvunar og tali meira við öll börnin yfir allan daginn |

| Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Samskipti og samskiptastefna |
| **Tækifæri til umbóta** | Að skoða samskipti starfsmanna við hvort annað, börn og foreldra. Hlutverk, ábyrgð og að allir séu með sama skilning á hvernig samskipti við viljum hafa og vera í. |
| **Aðgerðir til umbóta** | Fræðsla og handleiðsla til starfsfólks, bæði frá öðru reyndara starfsfólki og með utanaðkomandi fræðslu. |
| **Ábyrgð** | Allt starfsfólk og stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | September 2025 – maí 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Metið reglulega yfir veturinn á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og starfsmannafundum |
| **Viðmið um árangur** | Að allt starfsfólk sé meðvitað um hversu mikilvæg samskipti eru og hvað þau spila stóran hluta í okkar vinnu.<br>Að allir fari eftir og þekki samskiptastefnu Holts.<br>Að við hjálpum hvort öðru og vinnum saman að góðum samskiptum |

| Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Leikur barna |
| **Tækifæri til umbóta** | Að leikur barna fái meira pláss og að starfsfólk þori að vera þátttakandi |
| **Aðgerðir til umbóta** | Fræðsla og handleiðsla til starfsfólks, bæði frá öðru reyndara starfsfólki og með utanaðkomandi fræðslu. |
| **Ábyrgð** | Allt starfsfólk og stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | September 2025 – maí 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Metið reglulega yfir veturinn á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og starfsmannafundum |

| | |
|---|---|
| **Viðmið um árangur** | Að allt starfsfólk sé meðvitað um hversu mikilvægur leikurinn er í námi barna.<br>Að starfsfólk þori að fara inn í leik barna<br>Að starfsfólk geti tekið þátt í leik barnanna |

# 4 Innra mat deilda 2024-2025

## 4.1 Berg

**Styrkleikar**

Á Bergi tryggjum við að málörvunaraðferðir séu notaðar og samþættar í daglegum venjum og athöfnum. Þessi aðferð hefur skilað góðum árangri þegar við sinnum daglegu starfi með börnunum. Sérstaklega í samverustund, lestrarstund, í litlum hópum þar sem við stefnum að markvissari samskiptum sem styðja við sköpun, orðaforða, félagsþroska, skynjun og fínhreyfiþroska, við máltíðir og jafnvel við bleyjuskipti þar sem við höfum sjónrænt efni uppi í samræmi við þema vikunnar.
Í samverustund eru börnin hvött til virkrar þátttöku. Þau eru hvött til að tala saman, syngja, læra orð sem tengjast vikulegu þema, að kynnast sínum eigin staf og táknmáli hans.
Lestrarstundir eiga sér einnig stað í samverustund og í frjálsum leik. Við lesum sömu bókina ítrekað, þar sem það hjálpar börnunum að verða kunnug og örugg með fleiri orð. Börnin fá einnig að velja sér bækur sjálf eftir áhuga og fá tækifæri til að kynna sér efnið á eigin forsendum.
Í hópastarfi eru börnunum skipt í litla hópa. Fyrir hvern hóp velur kennarinn ákveðið efni sem leggur áherslu á læsi og málörvun.
Bókaormurinn hefur gengið mjög vel þar sem börnin koma með bækur að heiman sem við lesum fyrir alla, og það virðist sem öllum líki það vel – sérstaklega þegar þau koma með skemmtilegar og fyndnar bækur.
Það sem vekur mesta eftirvæntingu er þegar Lubbi kemur aftur í skólann eftir heimsókn hjá börnunum. Bæði kennarar og börn eru mjög spennt að fá að heyra frá öllu skemmtilega sem Lubbi gerði með þeim heima.
Að lokum hefur útivera og gönguferðir með börnunum verið mjög skemmtileg. Börnin fá tækifæri til að skoða náttúruna og hverfið, fara í strætóferð og gönguferðir bæði í litlum og stórum hópum.

**Tækifæri**

Þar sem hópastarfið byggist að mestu leyti á mati kennarans og hvað er framkvæmt, tókum við í apríl ákvörðun um að endurskipuleggja hópastarfið. Markmið okkar var að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þátttöku og þroska eftir bestu getu. Í kjölfarið var tekið upp skipulagðara og markvissara vikuskipulag:

- Mánudagar – Málörvun
- Þriðjudagar – Skapandi starf
- Miðvikudagar – Hreyfing
- Fimmtudagar – Skynjunarleikur / skynörvun
- Föstudagar – Frjáls leikur

Þetta skipulag hefur þegar sýnt jákvæð áhrif bæði fyrir börn og starfsfólk, þar sem það skapar jafnvægi og áhugavert umhverfi. Vegna þessara góðu niðurstaðna ætlum við að halda áfram með þetta skipulag næsta skólaár.
Auk þess tókum við upp venju þar sem börn fá að skiptast á að vera vagnstjóri við kaffitíma. Þó að við byrjuðum á þessu seinna, stefnum við að því að hefja þessa ábyrgð fyrr þegar börnin hafa aðlagast leikskólanum.

## 4.2 Litla-Fell

**Styrkleikar**

Börnin á L-Felli voru 14 talsins þennan vetur, mjög fjölbreyttur hópur.
Málörvun gekk mjög vel og sjáum við miklar framfarir hjá börnunum. Erum með skipulagðar stundir á hverjum degi. Nýttum allar stundir til að tala við börnin og settum myndir inn á klósett sem voru tengdar þemanu hverju sinni og var hægt að nýta þær myndir og tala við börnin í bleyju skiptum.
Bókaormur – Gekk að mestu leyti vel. Börnin höfðu mjög gaman af því að fá að koma með bækur og láta lesa fyrir hópinn. Setjum á Facebook síðu deildarinnar í byrjun vikunnar hverjir eru bókaormar þá vikuna og svo daginn áður fá börnin miða í hólfið sitt til að minna á og hafa það sýnilegt fyrir bæði börnin og foreldra. Þau börn sem að gleymdu bók fengu að velja bók til að lesa í samverstund.
Börnin fá að taka Lubba með sér heim yfir helgi. Það gekk mjög vel og börnunum fannst þetta mjög skemmtilegt og voru spennt þegar að það var komið að þeim að taka hann heim. Setjum á Facebook á hverjum föstudegi með hverjum Lubbi fer heim og setjum miða í hólfið til að hafa þetta sýnilegt fyrir börnin og foreldra.
Við erum með skipulagðar samverustundir á hverjum degi. Þar er farið yfir hvernig veðrið er úti og hvaða föt þarf að fara í útiveru. Börnin læra að klappa nöfnin sín og læra hvaða staf þau eiga. Teljum á hverjum degi hversu mörg börn eru mætt og teljum ýmsa hluti. Förum yfir hvaða staf og þema hverju sinni og tengjum hluti og orð við það. Lesum bækurnar sem að bókaormarnir koma með. Syngjum og leyfum börnunum að syngja fyrir hópinn ef að þau vilja, það eflir sjálfstraustið þeirra.
Við erum að búnar að vera að kenna börnunum að leika saman og læra að deila hlutum. Leikur er mjög stór þáttur í þroska barnanna og mjög mikilvægt að gefa honum gott rými í dagskipulagi.

**Tækifæri**

Þurfum að vinna markvissara með Blæ bangsa. Koma því inn í skipulagðar stundir og miða þær við barnahópinn.
Ætlum að byrja með umsjónarmann næsta haust. Þá aðstoða börnin við að ná í matinn og leggja á borð í hádeginu og kaffitímanum.
Ætlum að efla lýðræði barnanna og heyra meira hvað þau vilja gera. Tala við þau í litlum hópum þar sem þau geta fengið að segja sína skoðun.

## 4.3 Stóra-Fell

**Styrkleikar**

Í vetur hafa verið 15 börn á aldrinum 2-3 ára á Stóra Felli. Unnið var með að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og að þau nái árangri. Sem dæmi um sjálfstæða eflingu, þá fengu börnin tækifæri að velja og skammta sér mat sjálf. Þetta gekk mjög vel og verður haldið áfram með það. Börnin voru hvött til að sýna frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun í gegnum sjálfsprottinn leik og listsköpun. Lögð var áhersla á samvinnu, virðingu fyrir hvort öðru og vináttu, en því tengt unnum við með Blær verkefnið tvisvar í viku og það gekk mjög vel.
Leikskólinn okkar er fjölmenningarlegur og við leggjum sérstaka áherslu á að efla málþroska barna. Málörvun fer fram í öllu starfi og skólamálið okkar er íslenska. Samverustundir og málörvunarhópar eru skipulagðir á markvísan hátt og hafa gengið vel allan veturinn. Unnið var með allskonar verkefni eins og Lærum og leikum og Lubbi finnur málbein. Einnig var lesið daglega fyrir börnin og notaðar voru loðtöflusögur sem börnin sýndu mikinn áhuga. Þegar við unnum með þemum og ákveðna stafi frá Lubba bókinni, þá var listsköpun barnanna fléttuð þar við, og þetta gekk vel og því ætlum við að halda þessu áfram.
Leikur er mikilvægasti þáttur í leikskólastarfi og þá sérstaklega er sjálfsprottinn leikur helsta námsleið ungra barna. Börnin eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum. Við kennarar erum til staðar til að styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barnanna og leiksins. Einnig bjóðum við fram kveikjur og skipuleggjum námsumhverfið, þannig að þar sé fjölbreyttur efniviður og hann sé aðgengilegur öllum börnunum á deildinni.

**Tækifæri**

Málörvunarverkefnið „Bókaormur“ gekk ekki vel í vetur en þrátt fyrir það, þá ætlum við að halda áfram með það. Við munum leggja fram könnun fyrir börn og foreldra þeirra um nýjar útfærslur á þessu verkefni. Það er mjög mikilvægt að við kennarar séum með virka hlustun og leyfum rödd barna og foreldra þeirra að heyrast. Ennfremur ætlum við dýpka samstarfið á milli allra hagsmunaaðila leikskólans og senda vikulega tölvupósta. Þannig myndum við tryggja að foreldrarnir hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra.
Næsta vetur ætlum við að byrja með umsjónamannsverkefni, svipað eins og það er gert á eldri deildum, þar sem börnin myndu skiptast á að aðstoða í hádeginu og kaffitímanum við að leggja á borð og ná í matinn í eldhúsið.

## 4.4 Sel

**Styrkleikar**

Á Seli í vetur hafa verið 16-17 börn 3 – 4 ára frá ýmsum þjóðernum. Sömu starfsmenn voru á deildinni í vetur og var mjög gott að hafa stöðugleika í starfsmannahópnum.
Samvinna á milli starfsmanna gekk mjög vel. Lögð var áhersla á að starfsfólk færi eftir deildarskipulagi svo að allt gengi vel á deildinni og gekk það yfirleitt vel. Farið var yfir deildarskipulagið reglulega á deildarfundum og því breytt ef þess þurfti.
Aðaláherslan í okkar starfi er eins og áður vegna fjölmenningar á deildinni og í leikskólanum öllum almenn málörvun, efling málþroskans og auka orðaforða og íslenskukunnáttu hjá börnunum. Til að

stuðla að þessu var farið í málörvunarstundir á hverjum degi þar sem alltaf var unnið með ákveðið þema. Lærum og leikum með hljóðin og Lubbi finnur málbein voru einnig mikið notuð í málörvunarstundum og samverustundum. Málörvunarstundirnar gengu mjög vel. Börnunum var skipt í þrjá hópa og starfsmenn eru sammála um að betra er að vinna með börnunum í minni hópum. Skipulag fyrir samverustundir var sett upp. Þar getur starfsfólk séð hvað á að taka fyrir í samverustundinni hverju sinni og reyndist það mjög vel. Dagskipulag deildarinnar gekk mjög vel. Náðist í vetur t.d. að festa stundir með Blæ vinuáttubangsa í hverri viku þar sem rætt var um vináttu og góð samskipti. Lubbi bangsi fékk í vetur að fara heim yfir helgi með öllum börnunum á deildinni og vakti það mikla ánægju hjá öllum. Hann mun halda því áfram næsta vetur. Bókaormurinn gekk nokkuð vel í vetur. Stundum gleymdist að koma með bók í leikskólann en þá var bara komið með bók næsta dag. Öllum fannst mjög spennandi að vera bókaormur og fá að koma með bók með sér í leikskólann til að sýna og lesa þar.

**Tækifæri**

Ekki náðist að hafa málörvunarhringekju einu sinni í viku með hinum tveimur deildunum í Stóra-Holti eins og áður en við ætlum að halda henni áfram næsta vetur. Þar fara börnin á milli stöðva þar sem eru tekin fyrir mismunandi málörvunarverkefni.
Efla sjálfshjálp meira hjá börnunum og veita þeim fleiri tækifæri til að velja og skammta sér mat sjálf.
Að hafa orð og myndir úr hverju þema sýnilegra með því að velja á hverjum degi orð úr hverju þema og hafa sýnilegt upp á vegg og ræða um og útskýra orð dagsins í samverustund.

## 4.5 Bakki

**Styrkleikar**

Á leikskólaárinu 2024–2025 voru 16 börn í deildinni Bakka. Lögð var áhersla á að byggja áfram á því sem unnið var með árið áður og náðist góður árangur í flestum markmiðum.
Málörvunarstundir voru haldnar reglulega í litlum hópum samkvæmt tveggja vikna áætlun. Allir starfsmenn tóku þátt og unnið var með fjölbreytt efni svo sem Lubba, hljóðmyndir, orðaspjöld, leiki og spil. Þó tókst ekki alltaf að halda þær daglega eins og upphaflega var stefnt að.
K-PALS verkefnið bættist við eftir áramót og tókst það að mestu leyti vel. Daglegar samverustundir voru fastur liður þar sem farið var yfir daginn (dagsetningu, veður, fatnað, tilfinningar) og börnin tóku virkan þátt í gegnum hlutverk eins og umsjónarmaður dagsins, sem festist í sessi sem mikilvægt og uppbyggilegt hlutverk.
Frjáls leikur fékk mikið vægi og börnin höfðu frelsi til að velja sér leik, félaga og leikföng. Nálgunin „má ég vera með“ var áberandi í leik barnanna og einkenndi félagsleg samskipti þeirra. Áhersla var einnig lögð á að veita starfsfólki fræðslu um mikilvægi leiksins á starfsmannafundum.
Samvinna við foreldra gekk mjög vel og skapaði gott upplýsingaflæði á milli heimilis og leikskóla. Meðal annars tóku börnin þátt í verkefninu „Stjarna vikunnar“ og komu með bækur, myndir og persónulega hluti að heiman.
Fjölbreytt kennslugögn og skapandi nálganir studdu einnig við aukinn orðaforða og virkni barnanna. Við höfum einnig tekið eftir því að börnin eru virkari í tjáningu, sýna meira sjálfstæði í leik og

verkefnum og virðast öruggari í samskiptum. Starfsárið einkenndist af góðri samvinnu, gleði og vexti barnanna bæði í námi og leik.

**Tækifæri**

Veturinn 2025–2026 býður upp á fjölmörg tækifæri til að byggja ofan á það sem hefur reynst vel og þróa ákveðna þætti enn frekar. Til dæmis þarf að tryggja að málörvun fari fram daglega í öllum hópum, með aðlögun að samsetningu hópsins og þörfum barnanna. Meta má hvernig þessar stundir ganga og hvernig hægt sé að hámarka árangur með endurskoðun á hópastærðum og aðferðum. Leikurinn þarf áfram nægt rými og mikilvægt er að styðja börnin í félagslegum samskiptum og sjálfstæðum leik.
Samverustundir hafa verið einfaldaðar og nú eru börnin skipt í tvo hópa, þar sem eitt barn hefur hlutverk umsjónarmanns sem hefur verið stækkað. Markmiðið er að bæta flæði og virka þátttöku barnanna. Þá verður einnig lögð áhersla á að efla orðaforða barna tengdan tilfinningum og styðja við tjáningu þeirra með efni eins og Blæ og bókum um tilfinningar.
Börnin verða áfram virk í eigin námi í gegnum barnamiðað verkefni sem byggjast á forvitni og áhuga. Umhverfi námsins verður endurskoðað með hliðsjón af hugmyndum um „þriðja kennarann“ (þ.e. námsumhverfið sem styður við nám og þroska barna á óbeinan hátt) þar sem fjölbreytileiki, aðgengi og sýnileiki eru lykilatriði. Þverfagleg samvinna verður aukin og námsgreinar samþættar í daglegu starfi, sérstaklega í gegnum leik.
Fjölskyldur verða hvattar til þátttöku með reglulegri upplýsingagjöf og í gegnum verkefni sem tengja heimili og leikskóla. Jafnframt verður lögð áhersla á faglega þróun starfsfólks og sameiginlega ígrundun. Skýrari ferlar verða þróaðir fyrir skráningar, athuganir og einstaklingsmiðaðar námsáætlanir. Markmiðið með þessum umbótum er að skapa námsumhverfi sem eflir sjálfstæði, sköpun og vellíðan allra barna á þeirra eigin forsendum.

## 4.6 Hóll

**Styrkleikar**

Á Hóli voru  tveir árgangar að jafnaði 15 börn í vetur, Börnunum var skipt í tvo árganga yngri hóp og eldri hóp.
Læsi- málörvun gekk eftir. Verkefnin voru skipulögð í þemum. Unnið var þvert á barnahópinn með verkefnin en að auki voru eldri börnin í sérverkefnum Starfsfólk var virkt í skipulagðri vinnu með börnunum. Eldri börnin tóku Hljóm, fóru í K-pals, unnu verkefni í tengslum við barnamenningarhátína þar sem þau héldu tónleika. Þau fóru einnig leikhús og ferðir skipulagðar fyrir elstu börnin.
Bókaormurinn var verkefni þar sem börnin voru bókaormar. Þau komu með bækur að heiman og bókin var lesin í leikskólanum. Stjarna vikunna fór einn hring með börnunum. Hundurinn Lubbi fór í helgafrí með krökkunum og sögðu þau síðan deildinni frá hvað þau gerðu.
Félagfærni:  Lögð var áhersla á að börnin lærðu að vera sjálfbjarga, gætu klætt sig sjálf, farið sjálf á klósettið í deildinni  skammta sér sjálf með mat,  læra að spyrja hvort  vera með í leik. Við notuðum félagfærnisögur til þess að takast á við tilfinningar.
Frjálsi leikurinn fékk meira vægi inn í starfinu  á deildinni. Þau voru mjög virk í leiknum. börnum var kennt að segja stopp ef einhver reyndi að meiða. Bangsinn Blær kom  í tengslum við vináttu og samskipti með börnum.

**Tækifæri**

Tækifærin felast í þeim stundum sem voru óskipulagðar og ná að virkja starfsmenn betur í þeim stundum þannig að þeir væru ekki eingöngu áhorfendur.
Í dagsskipulaginu felast einnig tækifæri til þess að vera sveigjanlegur, leyfa leiknum að njóta sín og leyfa honum að vera hluta af málörvun. Tækifæri felast einnig í meiri upplýsingagjöf til foreldra um starfið á deildinn og senda vikulega pósta til þeirra. Bókaormurinn tókst ekki nógu vel hjá okkur og er tækifæri að gera betur þar í samvinnu við heimilin. Í lýðræði felast tækifæri að leyfa börnunum að hafa meira áhrif og spyrja þau oftar hvað þau vilja.

## 4.7 Sérkennsla

**Styrkleikar**

Leikskólinn Holt skipuleggur skólastarf sitt út frá hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar þar sem allir eiga jafnan rétt á að taka þátt í skólastarfinu. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, uppruna, þörfum og hæfileikum sérhvers barns. Frá byrjun leikskólagöngu barnsins er fylgst með þroska og framförum barnsins og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Öll börn sem eru með fjármagn og fá stuðning eru með einstaklingsnámsskrá sem er uppfærð með reglulegu millibili. Við gerð einstaklingsnámskráa nýtir sérkennslustjóri AEPS listann til þess að meta færni barnsins. Einnig er þær í sumum tilvikum unnar út frá atferlisþjálfun, stuðst er við bókina Behavioral Intervention For Young Children With Autism. Þörfum barna sem eru með stuðning í leikskólanum er mætt innan barnahópsins, gætt er að því að þau einangrist ekki frá barnahópnum og leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barna. Fagleg rök liggja á bak við námsaðferðum það er hvort þörfum barns er mætt í hóp eða unnið með það eitt og sér og þá miðast markmiðin ávallt að yfirfærslu inn í barnahópinn. Það er faglegt og gott samstarf við Suðurmiðstöð og lausnateymisfundir eru nú haldnir með reglulegu millibili þar sem teymið kortleggur stöðuna og leitar lausna. Tengiliður farsældar í leikskólanum er sérkennslustjóri. Teymi í leikskólanum sem halda utan um börn sem eru með stuðning hafa veitt leiðbeiningar til foreldra sem óska eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna þegar þess er þörf. Sérkennslustjóri leitar leiða til að vera í samstarfi við deildarstjóra og starfsfólks sérkennslu til þess að yfirfara markmið úr einstaklingsnámskrá og leita lausna við að uppfylla þau. Leitast er við að nýta námstækifæri sem skapast í daglegu starfi, einnig eru skipulagðar vinnustundir fyrir börn sem njóta atferlisíhlutunar og markmiðið er ávallt yfirfærsla inn á deild.

**Tækifæri**

Tækifæri er að efla vitund allra starfsmanna um þau markmið sem er búið að setja niður í einstaklingsnámsskrám og nýta námstækifæri sem skapast yfir daginn. Leiðir til þess að gera það er að vera með fræðslu til starfsmanna og fara yfir markmið úr einstaklingsnámsskrám á deildarfundum. Einnig að vera með sýnileg markmið inn á deild til þess að starfsfólk geti unnið með þau. Auk þess að sérkennslustjóri hitti deildarstjóra til þess að fara yfir skipulag sérkennslu inn á deild. Sérkennslustjóri og deildarstjórar fundi reglulega í undirbúningi deildarstjóra. Til viðbótar að halda reglulega fundi með nýju starfsfólki sem sinnir sérkennslu og fara yfir verklag og styðja við það til þess að geti sinnt sérkennslu á faglegan og árangursríkan hátt. Mikilvægt að myndrænt skipulag sé notað og það

sýnilegt á öllum deildum. Efla skilning starfsfólks á gagnsemi myndræns skipulags fyrir börn með sérþarfir. Halda til haga skráningu á markmiðum bæði sem unnin eru í vinnustund og inn á deild og fylgjast með framförum. Börn sem eru með hegðunarvanda að kortleggja vandann og nota verkfæri og tól til þess að vinna með vandann. Að meta hvort inngrip hafi haft tilætluð áhrif og ef ekki að þá leita til lausnateymis um nánari aðstoð. Tækfæri næsta skólaár er að hlúa enn betur að markvissri málörvun með því að setja á laggir læsisteymi leikskólans þar sem áhersla er á að virkja starfsmenn að vinna að læsi í gegnum leik og það sé rauður þráður í gegnum starfið. Ábyrgðarmenn læsisteymisins verða verkefnastjóri í mál og læsi og sérkennslustjóri.

## 4.8 Mál og læsi

**Styrkleikar**

Á hverjum degi inni á öllum deildum skólans er verið að vinna markvisst með daglegan orðaforða sem þyngist eftir því sem börnin eru eldri. Allar deildir eru með skipulagðar málörvunarstundir á hverjum degi. Verkefnin sem er verið að vinna með, hafa verið fyrir fram ákveðin. Þessi verkefni hafa verið sniðuð í kringum ákveðin þemu þar sem tvær vikur eru helgaðar einu orðaforðaþema ásamt einum málhljóði / bókstafi úr bókinni Lubbi finnur málbein og Appinu Lærum og leikum með hljóðin. Næsta skólaár munum við breyta tímabili fyrir hvert þema úr tveimur vikum í fjórar vikur.
Við nýtum öll tækifæri og stundir til að dýpka orðaforða barnanna, hvort það séu skipulagðar eða óskipulagðar stundir. Eitt af markmiðum okkar seinustu ár er að hafa hringekju einu sinni í viku á Stóra Holti fyrir elstu þrjár deildir skólans. Hringekjan snýst um að starfsfólk er búið að skipta hópnum í smærri hópa og það eru nokkrar stöðvar með mismunandi verkefnum sem börnin gera með starfsmönnum.
Til að vita stöðu málþroska barnanna höfum við verið að taka prófin Efi-2 á börnunum á aldrinum 3-4 ára og Hljóm-2 á börnunum 5-6 ára. Önnur tæki og tól sem við notum til að fylgjast með framförum barnanna í íslensku eru; Orðaskil, Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Hæfnirammarnir huga að öllum þáttum máls barnanna; tjáningafærni, hlustunarskilningur, hljóðkerfisvitund og læsi. Talmeinafræðingar frá Miðju máls og læsis og Þjónustumiðstöð Breiðholts koma einu sinni á önn til að taka orðaforðaprófin; One Word Expressive Test, MELB og MUB (orðaforða hlutinn) á börnunum á aldrinum 3 – 5 ára. Með því að taka þessi próf náum við að sjá hvort framfarir sem hafa átt sér stað hjá hverju og einu barni yfir skólaárið.
Verkefni sem er verið að vinna með á hverjum degi eru út frá þáttum Læsisstefnu leikskólans. Markmið með að vinna orðaforða og málskilning er; að börnin skilji talað og lesið mál, börnin geti notað tungumálið í mismunandi aðstæðum og að auka orðaforða og málskilning barnanna. Leiðir til þess er að; tala við börnin, skapa þörf og áhuga barna til þess að tjá sig, setja orð á allar athafnir, lesa fyrir þau og ræða um innihald textans eða myndir, syngja, ríma, útskýra orð og orðasambönd ásamt því að nýta styrkleika og áhugasvið barnanna o.fl.
Markviss vinna með málörvun er og verður áfram á öllum deildum. Dagskipulag deildarinnar gerir ráð fyrir þemavinnu og er hópastarf, samverustundir, lestrarstundir og spilastundir skipulagðar út frá því hvaða orðaforðaþema er í gangi hverju sinni. Bangsinn Lubbi ásamt verkefnum verða áfram send heim með öllum börnum skólans 1-2 sinnum yfir skólaárið. Verkefnin eru hugmyndir sem foreldrar geta gert heima með börnunum sínum þegar þau fá Lubba heim.

**Tækifæri**

Tækifæri til umbóta fyrir næsta skólaár 2025 – 2026 eru nokkur. Verkefnastjóri í mál og læsi mun standa vel að móttöku nýliða ásamt skólastjóra. Fundir verða haldnir með nýju starfsfólki og halda utan um það. Einnig koma því inn í starfið og vera með fræðslu um málörvun ásamt öllu hinu starfsfólkinu í skólanum. Verkefnastjóri mun meta ásamt deildarstjórum hvernig starfsmönnum gengur inni á deild. Til að meta árangur nýliða þá mun verkefnastjóri taka örfundi með þeim og halda skráningu um starfsþróun þeirra í starfinu yfir skólaárið. Þannig er hægt að sjá hvað má betur fara og bæta sig í.
Talmeinafræðingur frá Suðurmiðstöð mun hafa viðveru hjá okkur einu sinni í viku. Verkefnastjóri í mál og læsi mun halda utan um verkefni talmeinafræðingsins. Verkefnin sem hann mun taka að sér í skólanum eru til dæmis að vera inná öllum deildum skólans að leiðbeina starfsmönnum með málörvun og þá sérstaklega í leik. Einnig mun hann aðstoða verkefnastjóra í mál og læsi með hluta til með verkefni í málörvun o.fl. verkefni.
Læsisteymi fyrir næsta skóla ár. Markmiðið með því er að stofna læsisteymi skólans þar sem áhersla er að virkja starfsmenn til að vinna að læsi í gegnum leik og það sé rauður þráður í gegnum starfið. Verkefnastjóri í mál og læsi og sérkennslustjóri munu sjá um þetta verkefni.

# 5 Umbótaáætlun deilda

## 5.1 Yngri börn, Litla-Holt

| Berg, L-Fell, S-Fell 1-3 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Læsi. |
| **Tækifæri til umbóta** | Halda áfram með verkefni frá síðasta skólaári.<br>Meiri málörvun inn í leikinn og óskipulagðar stundir |
| **Aðgerðir til umbóta** | Nýta flæðilestur meira.<br>Nota loðtöflusögur meira.<br>Klappa atkvæði meira og leggja áherslu á rím. |
| **Ábyrgð** | Allir starfsmenn. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 – júní 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Hafa reglulega deildarfundi, ræða hvernig gengur og hvort það þurfi bæta eða breyta einhverju.<br>Samtal við börnin (aldursmiðað samtal).<br>Leggja könnun fyrir foreldra. |

| Berg, L-Fell, S-Fell 1-3 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Sjálfsprottinn leikur |
| **Tækifæri til umbóta** | Að gefa leiknum meira rými í dagskipulaginu.<br>Hafa efniviðinn aðgengilegan fyrir börnin. |
| **Aðgerðir til umbóta** | Sníða nýtt dagskipulag.<br>Uppfæra efnivið. |
| **Ábyrgð** | Allir starfsmenn. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 – júní 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Hafa reglulega deildarfundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi bæta eða breyta einhverju.<br>Samtal við börnin (aldursmiðað samtal).<br>Leggja könnun fyrir foreldra. |

| Berg, L-Fell, S-Fell 1-3 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Sköpun. |
| **Tækifæri til umbóta** | Halda áfram að vinna í sköpun í sambandi við þema hverju sinni. Nota meiri efnivið úr náttúrinni. |
| **Aðgerðir til umbóta** | Hafa efnivið aðgengilegan fyrir börnin. |
| **Ábyrgð** | Allir starfsmenn. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 – júní 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Hafa reglulega deildarfundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi breyta eða breyta einhverju.<br>Samtal við börnin (aldursmiðað samtal).<br>Leggja könnun fyrir foreldra. |

| Berg, L-Fell, S-Fell 1-3 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Efla lýðræði barnanna. |
| **Tækifæri til umbóta** | Dýpka samskiptin við foreldra.<br>Fá sjónarmið barnanna á starfinu. |

| | |
|---|---|
| **Aðgerðir til umbóta** | Kannanir fyrir foreldra.<br>Eiga samtöl við börnin í litlum hópum. |
| **Ábyrgð** | Allir starfsmenn. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 – júní 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Hafa reglulega deildarfundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi breyta einhverju.<br>Samtal við börnin (aldursmiðað samtal).<br>Leggja könnun fyrir foreldra. |

| **Berg, L-Fell, S-Fell / 1-3 ára** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Samskiptastefna Holts |
| **Tækifæri til umbóta** | Að fólk vinni meiri eftir samskiptastefnu |
| **Aðgerðir til umbóta** | Gefa fólki tíma til að lesa (nýta undirbúning).<br>Hafa sýnilegt á deildum og kaffistofum.<br>Minna starfsfólk á að fara eftir því. |
| **Ábyrgð** | Allir starfsmenn. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 – júní 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Hafa reglulega deildarfundi og ræða hvernig gengur og hvort að það þurfi breyta einhverju.<br>Vera með rýnihópa og leggja kannanir fyrir starfsfólk. |

## 5.2 Eldri börn, Stóra-Holt

| **Sel, Bakki Hóll 3-6 ára** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Læsi- málörvun |
| **Tækifæri til umbóta** | Að virkja starfsfólk í að nýta öll námstækifæri til málörvunar sem rauðan þráð í gegnum starfið. |
| **Aðgerðir til umbóta** | Fræðsla fyrir starfsfólk um mikilvægi málörvunar. Umræða á deildarfundum og starfsdögum. |
| **Ábyrgð** | Deildastjórar / Leikskólastjóri |

| | |
|---|---|
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 lokið júlí 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Umræður á deildarfundum og starfsdögum. |

| **Sel, Bakki Hóll 3-6 ára** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Efla lýðræði barnanna |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að starfsmenn hlusti á raddir barnanna hvað þau vilja gera í leikskólanum gefa þeim tækifæri til þess að tjá sig og rými til athafna. |
| | |
| **Aðgerðir til umbóta** | Hafa umræður og fá sjónarmið barnanna í litlum hópum um starfið. |
| **Hvenær hefst og hvenær er áætluð lok ?** | Ágúst 2025 – júní 2026 |
| **Ábyrgð** | Deildastjóri og starfsmenn á deild |

| **Sel, Bakki Hóll 3-6 ára** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Sjálfsprottinn leikur barna |
| **Tækifæri til umbóta** | Nýta sjálfsprottinn leik barna í málörvun. Að gefa leiknum meira rými í dagskipulaginu. Starfsfólk styðji og aðstoði börnin í leik. |
| **Aðgerðir til umbóta** | Starfsfólk taki þátt í leik barnanna á þeirra forsendum. Uppfæra efnivið. |
| **Ábyrgð** | Allt starfsfólk. |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 – Júli 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvort að það þurfi að breyta einhverju. |

| **Sel, Bakki Hóll 3-6 ára** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Samskipta- og málstefna leikskólans |

| | |
|---|---|
| **Tækifæri til umbóta** | Allt starfsfólk viti af og fari eftir samskipta og málstefnu leikskólans |
| **Aðgerðir til umbóta** | Umræður á deildafundum. |
| **Ábyrgð** | Allt starfsfólk |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ágúst 2025 – Júlí 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Umræður á deildarfundum og starfsdögum hvernig gengur. |

| **Sel, Bakki Hóll 3-6 ára** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | Sköpun |
| **Tækifæri til umbóta** | Að efla sköpun meira í sambandi við þema hverju sinni. |
| **Aðgerðir til umbóta** | Að ákveðið sé fyrir hvert þema hvað á að gera.<br>Auka efnivið til að nota til sköpunar.<br>Að efniviður sé aðgengilegur fyrir börnin. |
| **Ábyrgð** | Allir starfsmenn |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | September 2025 – Júní 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta?** | Umræður á deildarfundum. |

# 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

**Starfsþróunarsamtöl** fóru fram í mars og apríl 2025. Leikskólastjóri tók öll samtölin við starfsfólkið. Fjórir starfsmenn voru í námi þennan vetur, tveir í áframhaldandi námi í leikskólakennarafræðum, einn í leikskólaliðanámi í Borgarholtsskóla og einn í sérnámi vegna sérkennslu.  Tveir af þessum fjórum voru með námsleyfi frá Reykjavíkurborg, aðrir notuðu að mestu styttingu vinnuvikunnar í þetta.
Fjórir nemar í leikskólakennarafræðum voru hjá okkur í verknámi í eldra húsinu.
4-6 nemar í Fellaskóla úr 9 bekk, voru í starfsnámi hjá okkur í vetur með skólanum. Þau voru 2-3 í viku 2-3 klst. í senn í báðum húsum, en mest í eldra húsinu.

**Fræðsla skólaárið 2024-2025**

- Fjórir starfsmenn voru í námi þennan vetur, tveir í áframhaldandi námi í leikskólakennarafræðum, einn í leikskólaliðanámi í Borgarholtsskóla og einn í sérnámi vegna sérkennslu.  Tveir af þessum fjórum voru með námsleyfi frá Reykjavíkurborg, aðrir notuðu að mestu styttingu vinnuvikunnar í þetta.
- Leikskólaverkefni SFS – fræðsla fyrir stjórnendur og starfsfólk
- Fræðsla um góð og skemmtileg samskipti, fræðsla frá stuðnings- og ráðgjafarteyminu

- Íslensku námskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna
- Fræðsla frá Miðju máls og læsis um bókina „Orð eru ævintýri“
- Fræðsla frá Kristíni Hildi um starfsáætlanir og endurnýjun námskrár

**Áætlun um fræðslu skólaárið 2025-2026**

- Tveir starfsmenn halda áfram í leikskólakennarafræðum, námsleyfi SFS. Einn starfsmaður áfram í námi vegna sérkennslu.
- Íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk
- Málörvun barna í óskipulögðum stundum
- Erfið hegðun barna
- Hlutverk starfsfólks – samskipti, ábyrgð og skyldur
- Hlutverk stjórnanda – samskipti, ábyrgð og skyldur
- Námskeið vegna einhverfu fyrir starfsfólk í sérkennslu
- Mikilvægi leiksins og hlutverk starfsmanna
- Skyndihjálp

# 7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Verkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ er leiðarljósið í okkar starfi, í samstarfi við Holt og Fellaskóla. Leikskólarnir Ösp og Holt sóttu um og fengu B-hluta styrk Menntastefnunnar ásamt Fellaskóla og Menntavísindasviði. Áherslur verða á samstarf við foreldra og að virkja þátttöku þeirra í leik og námi barna þeirra. Við höfum fengið fastan tíma í íþróttahúsi Fellaskóla einu sinni í viku sem hefur nýst vel. Samstarfið í hverfinu er einstaklega gott og erum við í stöðugri þróun með það, sjá tímaramma samstarfsáætlunar (sjá fylgiskjal 10.1).

# 8 Foreldrasamvinna

**Foreldraráð og foreldrafélag** var sameinað í eitt árið 2021 og eru núna 5 foreldrar í ráðinu og félaginu.
Kosið er árlega á haustfundi foreldra eða foreldrar bjóða sig fram. Fundir eru fáir yfir veturinn, en eftir þörfum og samskipti eru meira með rafrænum hætti, s.s. í tölvupósti eða á Facebook síðu hópsins.
**Haustfundir foreldra** eru í október og í sitthvoru lagi eftir deildum. Það gekk mjög vel og var góð mæting foreldra. Brynja, deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla, og Aðalheiður talmeinafræðingur í Fellaskóla, eru með okkur á öllum fundunum og eru með fræðslu til foreldra um mikilvægi málörvunar og lesturs.
**Foreldraviðtöl** eru nokkur fyrir hvert barn. Fyrsta viðtal, þegar barnið byrjar í leikskólanum, er við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og svo viðkomandi deildarstjóra í aðlögun. Árleg viðtöl eru á vorönn, við viðkomandi deildarstjóra. Kveðjuviðtal er svo þegar börnin hætta og fara í

grunnskólann við viðkomandi deildarstjóra. Einnig geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali eftir þörfum, sem og leikskólinn við foreldrana.
**Þátttökuaðlögun** byggir á nánu foreldrasamstarfi og er orðið fast í sessi hjá okkur. Öryggi og ánægja starfsmanna og foreldra eykst með hverju ári. Þetta er aðferð sem er komin til að vera. Við endurmetum aðferðina í starfsmannahópnum á hverju hausti og bætum það sem betur má fara.
**Facebook síða** leikskólans gengur mjög vel og þar erum við sérstaklega að ná vel til erlendu foreldranna okkar. Hver deild er með sér hóp þar inni og einnig foreldraráðið og félagið. Mikil upplýsingagjöf fer þar fram. Við náum strax til foreldra þarna í gegn og getum fylgst með að þau sjái fréttirnar. **VALA** er skemmtileg viðbót í foreldrasamvinnunni og alltaf að bætast við nýjungar þar, hægt og rólega.

# 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar veturinn 2025-2026 eru eftirfarandi :

- 22.september – Sameiginlegur starfsdagur Holt, Ösp og Fellaskóli
- 21.nóvember - Sameiginlegur starfsdagur Holt, Ösp og Fellaskóli
- 5.janúar 2026 - Sameiginlegur starfsdagur Holt og Ösp
- 6.febrúar – Sameiginlegur starfsdagur Holt og Ösp
- 8.maí - Sameiginlegur starfsdagur Holt, Ösp og Fellaskóli
- 5.júní - Sameiginlegur starfsdagur Holt og Ösp

Sjá fylgiskjal 10.2  – Leikskóladagatal 2025-2026

# 10 Fylgiskjöl

## 10.1 Tímarammi samstarfsáætlunar 2025-2026

## 10.2 Leikskóladagatal 2025-2026

## 10.3 Umsögn foreldraráðs

01.07.2025

Kveðja / Regards,

Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri / principal
Leikskólinn Holt / Holt preschool
Völvufelli 7-9
111 Reykjavík
holt@reykjavik.is / halldora.bjorg.gunnlaugsdottir@reykjavik.is
411-3330 / 693-9882

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Fylgiskjal 10.1

## Tímarammi samstarfsáætlunar 2025-2026

Fellaskóli · Ösp · Leikskólinn Holt

| **Mánuður** | **Atburður** | **Markmið** | **Ábyrgð og umsjón**<br>***- Mat og skráning*** | **Þátttakendur** | **Tími** |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Skipulagsfundur v/haustannar BB+HH** | Að fara yfir samstarfið á haustönn. | Leikskólastjórar og deildarstjórar F<br>*- mat á haustönn og tímarammi vorannar* | **Deildarstjórar F og leikskólastjórar** | 4. sept. 2025 |
| **September** | Samráðsfundur velja 2-3 sameiginleg lög fyrir Dag ísl. tungu (13. nóv.) og skipuleggja sameiginlegar æfingar.<br>Kynning v/foreldrafunda að hausti. | Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins. | Deildarstjóri máls og læsis<br>*- Fundargerð*<br>*- Upplýsingum miðlað til -verkefna-stjóra MOLF* | **Deildarstjórar HÖ**<br>**AE og BB** | 16.sept. 2025 |
| **Sept – okt.** | **Foreldrafundir á Holti og Ösp** | Efla sameiginlega foreldrafræðslu í hverfinu. Sami fyrirlestur fyrir leik- og grunnskóla. 18.sept (F)<br>30.sept. 1. og 2.okt. (Ö) 7. 8. 9. 14. 15. 16. okt. (H) | Stjórnendur og deildarstjóri máls og læsis | **Deildarstjórar**<br>**Leikskólastjórar**<br>**BB og AE** | 18. sept. til 16. okt. 2025 |
| **Sept – okt** | **Hljóm -2 lagt fyrir elstu börnin í Holt og Ösp**<br>**Hljómstundir elstu barna hefjast 1. sept.** | Fylgjast með hljóðkerfisvitund barnanna í elsta árg. | Deildarstjórar elstu barna | **Deildarstjórar** | 15. sept. – okt. 2025 |
| **Október** | **1. bekkur heimsækir leikskólana**<br>og taka þátt í frjálsum leik. | Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans | Verkefnastjórar á leikskólunum<br>*- Myndir/fréttir á vef miðlað* | **Deildarstjórar HÖ og kennarar Fellaskóla** | 30. okt. 2025 kl. 10:00 |
| | **Orðaforðaprófanir MML** | Fylgast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna | MML | **MML** | Okt. |
| | Samráðsfundur | Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins. | Deildarstjóri máls og læsis<br>*- Fundargerð* | **Deildarstjórar HÖ**<br>**AE og BB** | 21. okt. 2025 |
| **Nóvember** | Niðurstöður námsmats í 1. bekk og Hljóm | Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins. | Deildarstjóri máls og læsis<br>*- Fundargerð* | **Deildarstj. HÖ**<br>**AE, BB og KG**<br>**Stjórn. skóla** | 18. nóv. 2025 |
| | **Heimsóknir milli leikskóla + 1.b. F**<br>Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu – Ákveða dagsetn og tíma 18.sept. Tvö lög – amk. annað m/hreyfingu – annað m/1.bekk | Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl | Deildarstjórar HÖ + deildarstjóri máls og læsis F<br>*- Myndir/fréttir á vef miðlað* | **Deildarstjórar** | Dagana 20.okt-12.nóv.<br>3 sinnum |
| | **Dagur íslenskrar tungu**<br>Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla | Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur. | Stjórnendur og deildarstjórar<br>*- Myndir/fréttir á heimasíðu*<br>- | **Deildarstjórar** | 13. nóv. 2025 |
| **Desember** | **Helgileikur**<br>Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6.b. | Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar. | Verkefnastjórar HÖF<br>*- Myndir/fréttir á heimasíðu á vef (Vala)* | **Deildarstjórar** | 17. des. 2025 |
| | **Skipulagsfundur v/vorannar BB+HH** | Að meta samstarfið á haustönn. | Leikskólastjórar og deildarstjórar F<br>*- mat á haustönn og tímarammi vorannar* | **Deildarstjórar F og leikskólastjórar** | 5. des. 2025 |
| **Janúar** | **K-PALS stundir hefjast** | Leggja grunn að lestrarnámi elstu barnanna | Deildarstjórar elstu barna | **Deildarstjórar** | 6. jan. 26 |
| **Febrúar** | **Leikskólabörn koma í smiðjur** | Að kynnast húsnæði grunnskólans og starfsemi.<br>Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin.<br>Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu. | Verkefnastjórar HÖF<br>*- Myndum og fréttum miðlað* | **Deildarstjórar** | 12. og 26. febrúar 2026 |
| | **Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna** samráðsfundur | Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins. | Deildarstjóri máls og læsis<br>*- Fundargerð* | **Deildarstjórar** | 10. febrúar 2026 |
| **Mars** | **Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna** samráðsfundur | Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins. | Deildarstjóri máls og læsis<br>*- Fundargerð* | **Deildarstjórar** | 17. mars 2026 |
| **Mars** | **Hljóm – 2 – endurmat – elstu börnunum – allir.** | Fylgjast með framförum hljóðkerfisvitundar hjá elstu börnunum | Deildarstjórar elstu barna | **Deildarstjórar** | 13. mars – 30.april |
| **April** | **Lestur í leikskólum**<br>Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungu-málum (íslenska + móðurmál) í leikskóla og sameiginleg útivera eftir lestur | Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvítyngi | Deildarstjórar í Fellaskóla<br>*- Myndum og fréttum miðlað* | **Deildarstjórar** | april 2026 |
| **April** | **Orðaforðaprófanir MML** | Fylgast með íslenskum orðaforða 3ja til 6 ára barna | MML | **MML** | April |
| **Maí** | **Skipulagsfundur v/haustannar BB/HH**<br>**Leikskólastjórar, deildarstjórar Fellaskóla** | Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar. | Leikskólastjórar og deildarstjórar F<br>*- mat á vorönn og tímarammi haustannar* | **Deildarstjórar F og leikskólastjórar** | 5.maí 2026 |
| **Maí** | **Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna** samráðsfundur | Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins. | Deildarstjóri máls og læsis<br>*- Fundargerð* | **Deildarstjórar** | 13.maí 2026 |
| **Maí** | **3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra**<br>Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina | Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin.<br>Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir | Deildarstjóri Fellaskóla<br>*- Myndum og fréttum miðlað* | **Deildarstjóri F** | 19. - 21. maí 2026 |

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

**Fylgiskjal 3**

# Starfsáætlun 2024 – 2025
# Leikskólinn Holt



# Umsögn foreldraráðs

## Foreldraráð leikskólans skipa:

**Agla Rósa Egilsdóttir**
**Gyða Dröfn Hannesdóttir**
**Johann Armando Marin Mendoza**
**Kjartan Yngvi Björnsson**
**Valgerður Sif Jónsdóttir**



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

# Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

**Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**

Já það er ljóst að starfsáætlunin byggir á þeirri vinnu sem unnin var á síðasta skólaári. Verkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ heldur áfram að vera leiðarljós í starfi leikskólans, auk þess sem málörvun, efling leikja og lýðræðis barna eru áfram mikil áhersluatriði. Áhersla á málörvun í óskipulögðum stundum er flott viðbót við málörvunarstarfið sem stendur nú þegar.

**Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**

Já hún er vel uppsett, góð kaflaskipting/efnisyfirlit, og skýrt manneskjulegt mál notað sem gerir áætlunina auðlesanlega.

**Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**

Já hún gefur góða og heildstæða mynd leikskólastarfinu og einnig alla vinnuna sem fer í það að hafa leikskólann örvandi og þroskandi umhverfi fyrir börnin.

**Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?**

Mjög ánægjulegt hvað það er lögð mikið áhersla á málþroska. Líka ánægjulegt hvað það er góð meðvitund um mikilvægi leiksins á þroska barna, starfsáætlunin gefur til kynna gott jafnvægi á milli formlegs náms og frjáls leiks.

Ein hugmynd til framtíðar væri að bæta örstuttu yfirliti eða samantekt á starfsáætlun frá fyrra ári strax í upphafi skjals sem gæti hjálpað foreldrum að átta sig á þróun og nýjungum.

En starfsáætlunin er greinilega vel ígrunduð og faglega unnin.

**Fulltrúar í foreldraráði og undirskriftir :**

**Valgerður Sif Jónsdóttir**

**Kjartan Yngvi Björnsson**

**Gyða Dröfn Hannesdóttir**

**Agla Rósa Egilsdóttir**

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST